

VERSLUNARMANNAFÉLAG SKAGFIRÐINGA

Sauðárkróki 12. apríl 1996

Alþingi

Félagsmálanefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Erindi nr. Þ 120/1480

komudagur 16/4. 1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verslunarmannafélags Skagfirðinga um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni. Svar félagsins fylgir hér á eftir:

Verslunarmannafélag Skagfirðinga mótmælir því harðlega að félagsmálaráðherra og ríkisstjórn skuli hafa ákveðið að leggja fram á alþingi frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfinni og eyðileggja þannig í reynd þær viðræður sem voru í gangi milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur á vinnumarkaði og endurskoðun þeirra. Með frumvarpinu, sem lagt er fram í fullri andstöðu við verkalýðshreyfinguna, er verið að ganga þvert gegn þeim þríhliðasamskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um mótun samskiptareglna á vinnumarkaði sem hér hafa þróast á undanförunum áratugum.

Varðandi 1.gr. þar sem rætt er um stofnun vinnustaðafélaga er rétt að benda á að reglur sem áskilja lágmarksfjölda félaga til að stofna stéttarfélög eru andstæðar túlkun lagasérfræðinganevndar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar ef hætta er á því að með því sé einstökum stéttarfélögum eða félagasamböndum tryggð einokunarstaða. Þá er vert að benda á að verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum árum gert fleiri og fleiri sameiginlega samninga á stórum vinnustöðum s.s. í ýmsum verksmiðjum. ASÍ hefur í því sambandi sett fram mótaðar hugmyndir um samskiptareglur á vinnumarkaði þar sem megináhersla er lögð á aukna aðlögunarhæfni og að færa gerð sérsamninga nær starfsmönnum og fyrirtækjum.

Í 6.gr. er rætt um heimildir sáttasemjara til að tengja saman hópa við atkvæðagreiðslur. Í því sambandi þykir okkur rétt að ítreka að það er fullkomlega óeðlilegt að tengja saman alls óskylda hópa í atkvæðagreiðslur þar sem sameignlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun á miðlunartillögu. Í þessu felst mikið vald og ekki síst ef skoðað er í þessu samhengi að fullur þriðjungur allra á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn miðlunartillögu til að fella hana en ekki þessi einfaldi meirihluti sem gildir í lýðræðis þjóðfélögum. Því verður niðurstaðan sú: Algert áhrifaleysi stórra hópa launafólks um sín mál. Það er því deginum ljósara að með þessu er félagsmönnum gert mun erfiðara fyrir en nú að hafa áhrif á, breyta eða fella það sem gert er af stjórn stéttarfélags, samninganevnd eða sáttasemjara. Hvar tíðkast það að því sé slegið föstu að þeir sem sitji heima í atkvæðagreiðslum segi já. Þá held ég að margar atkvæðagreiðslur hefðu farið öðruvísi!!

Varðandi afgreiðslu kjarasamninga, boðun verkfalls og afgreiðslu miðlunartillögu vakna ýmsar spurningar. Svo sem af hverju eru stífari kröfur um atkvæðagreiðslu á almennum félagsfundi heldur en ef atkvæðagreiðslan fer fram í pósti? Er afgreiðslukerfið eitthvað verra hjá verkalýðshreyfingunni en gengur og gerist innan annarra félagasamtaka. Allt miðar þetta við það að minnka völd einstaklinganna og draga úr áhrifum þeirra á eigin mál og færa yfir til samninganevnda og sáttasemjara.

VERSLUNARMANNAFÉLAG SKAGFIRÐINGA

Í 4.gr. frumvarpsins er ráðgert að gjörbreyta verkfallsréttinum.

Verði þetta að lögum er verið að taka nauðsynlegan sveigjanleika úr sammingsferlinu og færa meðferð verkfallsvopnsins nær þeim óskynsamlegu reglum sem gilt hafa um opinbera starfsmenn. Afleiðingarnar af þessum breytingum í heild eru fleiri verkföll, lengri verkföll og víðtækari verkföll!

Meginmunurinn á ríkjandi hefðum og tillögum formanna landssambanda annars vegar og frumvarpinu hins vegar er að hið fyrrnefnda felur í sér meiri sveigjanleika og er líklegra til að afstýra verkföllum en hið síðarnefnda kallar á fleiri, víðtækari og langvinnari verkföll.

Stjórn Verslunarmannfélags Skagfirðinga skorar á félagsmálanefnd að leggja frumvarpið til hliðar og stuðla þannig að því að samtök launafólks og atvinnurekenda gefist tækifæri til þess að semja sín á milli um þær leikreglur sem þeim er ætlað að starfa eftir.

Virðingarfyllst,



Hjörtur Geirmundsson
formaður

Samrit sent öllum þingmönnum og miðstjórn ASÍ